

Ed.

621. Nefndarálit

[11. mál]

um frv. til l. um launajöfnunarbætur, bætur almannatrygginga og verðlagsmál.

Frá 2. minni hl. fjárhags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er upphaflega flutt til staðfestingar á bráðabirgðalögum um launajöfnunarbætur, en gildi þess nú felst einkum í nýjum ákvæðum um bætur almannatrygginga. Margir eru þeir, sem orðið hafa að þola stórfellda skerðingu lífskjara af völdum núverandi ríkisstjórnar, en enginn hópur láglaunamanna hefur þó verið jafnhart leikinn og þeir sem nær eingöngu fá tekjur sínar frá almannatryggingum. 1. apríl 1974 fékk einstaklingur í elli- eða örorkulífeyri 146 580 kr., en tekjutrygging nam 80 052 kr. eða samtals 226 632 kr. Hinn 1. mars s. l. var framfærslukostnaður orðinn 46% hærri en hann var einu ári áður, en samanlagður lífeyrir og tekjutrygging, þ. e. tekjulágmark, tekjutryggingarmark, hafði aðeins hækkað um 13.3% og var komið í 256 788 kr. á ári eða um 21 400 kr. á mánuði. En til þess að samanlagður lífeyrir og tekjutrygging héldu gildi sínu miðað við hækkun framfærslukostnaðar ætti upphæðin nú að nema rúmlega 27 600 kr. á mánuði, og mundi þó flestum einstaklingum veitast nógu erfitt að lifa á þeim mánaðartekjum.

Í breytingartillögum meiri hluta n. felst nokkur úrbót, en hún nær skammt til að brúa þá kjaraskerðingu, sem aldraðir og öryrkjar hafa orðið fyrir. Samkvæmt ákvörðun ríkisstjórnarinnar og tillögum meiri hlutans fá einstaklingar um 24 600 kr. á mánuði úr kerfi almannatrygginga, en það er rétt um helmingur af því, sem á vantar að lífeyrisgreiðslur fylgi hækkun framfærslukostnaðar. Hjón fá rétt um 43 þús. kr. á mánuði, en ættu að fá um 50 þús. kr.

Eins og kunnugt er, var það fyrsta verk vinstri stjórnarinnar að bæta verulega kjör aldraðra og öryrkja, en síðan voru lífeyrisgreiðslur hækkaðar jafnt og þétt í kjölfar hækkunar á framfærslukostnaði.

Við Alþýðubandalagsmenn teljum þó, að þau kjör, sem öldruðum og öryrkjum voru þá búin, megi ekki lakari vera og tillögur mínar miðast því við, að elli- og örorkulífeyrir hækki nú fyllilega til jafns við hækkun framfærslukostnaðar á liðnu ári, en til þess þarf almennur lífeyrir einstaklings að verða tæpar 17 900 kr. á mánuði og tekjutryggingin um 10 000 kr. Því til viðbótar kemur svo útborgun skattafsláttar, eins og lofað var við afgreiðslu skattalaganna nú fyrir skemmstu, 20 þús. kr. á einstakling og 36 þús. kr. á hjón, en skattafslátturinn er uppbót til lífeyrisþega, sem ekki greiða tekjuskatt og hafa því engan hag haft af lækkun tekjuskattsins, en hafa þó mátt taka á sig stórfellda hækkun söluskatts.

Af hálfu meiri hlutans er augljós tilhneiging til að reyna að láta líta svo út, að tekjutryggingin hækki sem nemur þessum 20 000 kr., og 36 000 kr., en það er að sjálfsögðu blekking, og er eðlilegast að skattafslættinum sé haldið sérgreindum, eins og lagt er til í breytingartillögum mínum, sem fylgja á sérstöku þingskjali.

Í tillögum þessum er einnig lagt til, að greiðsla fæðingarorlofs verði tekin upp í kerfi almannatrygginga. Það er sjálfsagt réttlætismál, að sérhver móðir fái þriggja mánaða laun vegna fæðingar, og er eðlilegt, að þær greiðslur komi úr kerfi almannatrygginga.

Alþingi, 9. maí 1975.

Ragnar Arnalds.